



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

631. stjórnarfundur þriðjudaginn 10. desember 2024 kl 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi á fundi: Sveinbjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá svæðisskrifstofu Suðurnesja vegna könnunar sjálfbóðaliða með tengingu í FS.

Tölvupóstur frá Sigurði hjá UNICONTA vegna almannaheillaskrá. Best að fá Guðbjörgu fjármálastjóra til að halda utan um þetta. Birgir ræðir við Guðbjörgu.

Tölvupóstur frá Sport 24. Gjafabréf fyrir nýju utanyfirgallana eru komin í sölu. Jólagjöfin í ár hjá iðkendum.

3. Send bréf

Engin bréf send nýlega.

4. Aðalfundir deilda 2025

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu um að aðalfundir deildanna verði eftirfarandi:

1. **Badminton** miðvikudaginn 15. janúar kl 18.00.
2. **Blakdeildin** miðvikudaginn 15. janúar kl 20.00.
3. **Rafíþróttadeildin** mánudaginn 20. janúar kl 18.00.
4. **Taekwondodeildin** mánudaginn 20. janúar kl 20.00.
5. **Sunddeildin** miðvikudaginn 22. janúar kl 20.00.
6. **Skotdeildin** fimmtudaginn 23. janúar 20.00.
7. **Fimleikadeildin** mánudaginn 27. janúar kl 20.00.
8. **Knattspyrnudeildin** miðvikudaginn 29. janúar kl 20.00.
9. **Körfuknattleiksdeildin** fimmtudaginn 30. janúar kl 20.00.

Framkvæmdastjóra falið að senda tillögurnar á deildir til samþykkis.

5. Aðalfundartími deilda fyrir árið 2026

Vegna mikils álags hjá Guðbjörgu fjármálastjóra almennt í janúar óskar hún eftir að aðalfundir deilda verðir færðir yfir í febrúar frá og með árinu 2026. Aðalstjórnin tekur vel í erindið og mun skoða og fara yfir reglur félagsins í byrjun nýs árs.

6. Rýnifundur fimleikadeildar og knattspyrnudeildar vegna framtíðar íþróttamannvirkja.

Framkvæmdastjóri og formaður Keflavíkur héldu fundi með fimleikadeild og knattspyrnudeild og fóru yfir teikningar af verðandi íþróttamannvirki sem á að byggja við Reykjaneshöllina. Þetta voru mjög góðir og nauðsynlegir fundir þar sem ýmsar ábendingar komu fram sem vert er að hafa í huga við byggingu mannvirkisins.

7. Nettóhöllin

Vinna farin af stað við að skipta út gervigrasinu í Nettóhöllinni. Höllin verður lokuð frá 9. desember 2024 til 11. janúar 2025. Keflavík bauð eldri borgurum að koma og ganga í B-salnum fram að jólum og þiggja kaffi í anddyri. Eldri borgarar eru mjög þakklátir fyrir að fá að koma saman í Blue höllinni.

8. Jólableið Keflavíkur

Jólableiðið er klárt. Bleiðið fer í prentun og á netið á morgun miðvikudag. Framkvæmdastjóri sýndi útkomuna og stjórn mjög ánægð með bleiðið.

9. Sjónvarpsballur og leikklucca í A-sal

Sjónvarpsballurinn er að verða klár og verður tilbúinn til notkunar á næsta leik sem verður á morgun miðvikudag. Búið er að laga leikkluccuna sem bilaði á föstudaginn. Framkvæmdastjóri hefur verið að fylgja þessu eftir og sjá til þess að þessir hutir séu komnir í lag.

10. Önnur mál

Fundi lokið kl. 18.05.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. janúar 2025.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.